



Aðalgatan á Siglufirði á fyrstu síldveiðiarunum séð frá höfninni. Mörg húsanna, sem sjást á myndinni, standa þar enn. En kirkjan er horfin.

KRISTINN HALLDORSSON:

LANDLEGA Í LITLUM BÆ

Þetta sumar var þurrviðrasamt, veðursæld og sólfar mikið og síldveiði með bezta móti. Þannig hefur minningin um sumarið 1914 geymt í hugum margra Siglufirðinga. Skilyrði til síldveiða úti fyrir firðinum voru þannig hin hepplegustu, en engu að síður lá norskri síldarflotinn hér í höfn um hverja helgi, og var þá mannþröng mikil hér á Aðalgötunni og róstusamt víða í kaupúinu, því að norskur síldarsjómennirnir drukku þétt og margir þeirra til í tuskið. Þegar fast land var undir fótum, var þeim einkarlaus höndin í þá daga: Slagsmál þeirra í milli var daglegur viðburður.

Þetta var allmislitur lýður. Margir þrúðir og síðsamir menn, er gengu á land í dökkbláum sevjotsfötum með víðeigandi kaskaði á höfði og fóru hvarvetna með friði. Svo voru aðrir miður snyrtilegir, þrömmuðu um á klossum eða tréskóstígvélum, klæddir bláum nankingsallanum og

með pottlokið aftur á hnakka og létu ófriðlega, tuggðu skro og drukku súrsaft í pottatali og slógust af lífs- og sálarkröftum.

Aðalumferðaræð kaupúnsins var Aðalgatan, þessi fræga moldargata, þar sem menn vaða eðjuna upp í ökla í rigningum og moldrykið þylast hátt í loft upp í þurrkatið. Þangað stefndi fjöldinn í landlegum. Þar voru verzlarnirnar, þar voru ölstofurnar, þar hittust menn að máli og þar urðu menn vinir eða óvinir. Og þá var slegizt hraustlega, ef út af bar.

Símfregnir voru að berast þetta sumar um ófriðarhættu. Því nær engir trúðu þessum orðrómi. Menn álitu að minsta kosti, að stríðið yrði mjög staðbundið og óralangt suður í Evrópu. Orðið heimsstyrjöld var þá óþekkt hugtak — heimsstyrjöld hafði þá aldrei verið háð. Fjarlægðir voru enn miklar og hugsunarhátturinn því staðbundnari. Það, sem einkum var áþreifanlegt í sambandið við hugsanlegt stríð, var það, að kolaverð tók að hækka og farmgjöld. Það var því eitthvað hæft í þessu, sem hinar

stutturðu og stopulu símfregnir voru að klífa á um stríðshættu. En þetta var sumar hinnar miklu veðurbliðu, og dýrð hins norðlenzka sumars er mikil og stríð virtist fjarlægur möguleiki. Það var síldveiðin og sumarannirnar, er áttu hug kvenna og karla, og mikið var kverkað og saltað, þegar síldin barst að. Og í landlegum var jafnan gleðskapur mikill.

Eitt og annað bar hér til tíðinda eins og jafnan á síldarvertíðum. Það var á þessu sumri, að gufuskipið „Úrania“ brann við Bakkevigsbryggju og skipverjum láðist að gera sofandi kokkinum viðvart, og lét hann þar líf sitt.

Flest snerist um silnina. Vinnubrögðin höfðu furðulítið breytt síðan á fyrstu síldararunum eftir aldamótin. Þó var farið að kverka úr kóssum, í stað þess að bogra við síldarþinginn á sjálfu planinu, og kryddun á síld var hafin.

Fjórar bræðslur höfðu risið hér upp á síðustu missirum, og mörg síldarplönnin höfðu verið stækkuð. En á þessum árum hestvagna og handvagna var það sem fyrir mannhöndin, er bar þunga stritsins, og allar vonir manna um góða sumarafkomu og langa vinnu byggðust á mikilli síldveiði. Draumar flestra um fé í aðra hönd höfust og enduðu á þessari alkunnu setningu: „Det kommer an paa silla, far!“

Það var hinn silfraði fiskur, er allt valt á. Það var ekki unnt að ganga langan spöl í hinum norska síldarbæ og hlusta á tal manna, án þess að heyra þessa gamalkunnu setningu hljóma af vörum manna: „Det komm er an paa silla, far!“

Staðurinn hafði á sér ósvikinn blæ síldarversins og hins skjóttekna skot silfurs, ef heppnin var með, og hið öra líf og ryskingar í landlegum bar því glöggviti, að hér var slagæð þess lífs, er síldveiðinni fylgdi.

Við getum reynt að gera okkur ör-litla hugmynd um landlegukvöldin hér í firðinum við upphaf fyrra heimsstríðs. Við freistum þess — þó í fullri vitund um það, hve erfitt er fyrir nútímamenn að framkalla skýrt hinn rétta hugblæ þess ara tíma — að láta hugann reika aftur í móðu þessara daga, þegar hin ærslafullu bernskuár gengu yfir síldarbæinn Siglufjörð með því ólgandi lífi og þeim skarkala og látum, sem lengi hafa verið í minnum höfð.

Við skulum fyrst líta út á sjóinn. Það er laugardagskvöld í lok júlí mánaðar. Norskri síldarflotinn er í höfn. Skipin liggja við bryggjur og fyrir festum úti á höfninni, Sunnan frá Leirum og út undir Selvíkina er óslitin, margföld röð af skipum. Þau eru glampanði af nýrri málningu, hvítri eða svartri, eða það stírnir á fernisborinn furubryðingurinn.

Fyrri grein

Skipin eru af ýmsum stærðum. Þarna eru gufuskip, vélskip, skonn ortur, mörg seglskip og stórir, svartir barkar, sem eru fljóttandi sildar stöðvar, ennfremur slúppar. Nyrzt í höfninni, vestur af Selvíkinni, liggja margar biksvartar, vélalausar, fær-eyskar skakskútur. Þær eru ósköp veðurbarðar og máðar og fátæklegar og minna á þá einangrun, sem Fær eyingar áttu þá við að búa. Það er vani Færeyinga að varpa akkerum þarna út frá. Geri logn hér inni í firðinum eftir helgina, þá verða þeir að róa lífbátum og draga skútuna sína út, þar til þeir fá nægan vind í seglin. Vélar í skakskútum þekktust þá varla meðal Færeyinga. Skúturnar velta lítilega þarna út frá og inn fjarðaraldan leikur sér hvítbrydduð suður með Staðarhólsfjörinni.

Kvöldið er milt, nær heiðskirt, ein staka sólgliuð ský hér og þar hátt í lofti. Og það bjarmar til hafsins. Hinar hrottalegu, sæbröttu, Nes skriður eru svipaðar gagnsærri reykjarmóðu fá þurrkofunum Evang ersverksmiðju austan fjarðarins, og kvöldsólin slær logagylltum bjarma á skriðurnar, er sýnast umvafðar mýkt og hlýleika. Hljóðar og tindar Staðarhólsfjalls loga í aftanskíninu. Litbrigðin á tindunum eru síkvik í gullinni og roðamengaðri litadyrð, sem endurspeglast á sjónum suður. Á Leirunum. Tær sumarbirtnar málur siglfrirk fjöllin fegurstu litum.

Flestir léttbátar skipanna í nöfn inni stefna til lands. Þeim er réið að bryggjunum, hlöðnum áhöfnum síldarskipanna, og skipsmenn stefna upp á Aðalgötuna, þar sem þúsundirnar safnast saman og mannhafið ólgar á landlegukvöldum. Floti Norðmanna var þá rúm tvö hundruð skip og að auki vann hér margt Norðmanna — verkafólk, verkstjórar, beykjar og síldarstúlkur, því að skortur var á æfðu verkafólki heima fyrir.

Hér var og talsverður fjöldi ís lenzkra skipa og fæin skip frá öðrum þjóðum. Manngrúnni í þessu skjótvaxna kaupuána var því æðmikill, einkum sökum þess að Norðmenn lágu í höfn um helgar, þótt veður og veiðihorfur væru með bezta móti á síldarmiðunum úti fyrir firðinum.

Þótt Siglufjörður stækkaði hratt á þessum árum, þá var kaupuánið þess vanmegnugt að veita viðtöku þeim þúsundum, er leituðu á land á slíkum dögum, og flestar stofnanir, er slíkir síldarbær þurfa að hafa, til dæmis gistihús, rúmgóða veitinga sali sjómannaheimili og sjúkrahús, vantaði hér með öllu. Í þessu gamla, fámenna hákarlaþorpi voru eðlilega engar þess háttar stofnanir til og flest þar vitni um hið skyndilega

landnám, er hófst, þegar „ildveiðin“ byrjaði, skömmu eftir aldamótin.

Í norskum blöðum var Siglufirði lýst sem „fiskernes Eldorado,“ og frá sagnir þeirra af drykkjulátum og ryskingum voru í flestum tilvikum sannar. Hér var skortur á skemmti stöðum á landlegukvöldum.

„Siglufjörds Biographtheater“ var þá í smíðum, og þar voru mörg böll síðar meir. Svipað var um leikfimi hús barnaskólans, þegar það komst undir þak. En 1914 voru hér aðeins nokkrar litlar ölkkrar, og hinn mikli skari sjómanna og síldarfólks varð því að leika listir sínar á Aðalgötunni, í brökkunum, á síldarplön unum eða á skipsfjöli.

Oft var slegið upp balli á einhverju síldarplaninu, því að í hverju skipi var einhver harmonikkusnillingur, sem settist þá á bryggjustaur og lét „trekkspilið“ glymja. En inni í hinum litlu og þröngu ölstofum sátu skeggjaðir sjómenn og þjóruðu súr saft eða brennivín og tuggðu skrotóbak. Við bregðum okkur eitt andartak inn í eina ölstofuna. Hér er lágt undir loft, meðalmaður getur seilt upp í loftbitana. Veggir stofunnar eru panelþiljaðir, og fjalargólf ið er ómálað — lítil borð og stólar meðfram veggjunum. Stofan er þétt setin, og sjómennirnir hafa skotið kaskeiðum sínum aftur á hnakkann. Þeir eru flestir, þó ekki allir, klæddir í þokkalegum, dökkum sevjotsfötum, en fótubúnaðurinn er yfirleitt klossar eða tréstigvél. Umræðuefnin eru hin sömu án upphafs eða endis: Síldin, kvenfólkið og súrsaftin. Í einu horni stofunnar er spýtubakkinn, — þetta ómissandi húsgagn herramanna þeirra tíma. Það má nærri geta hvort hinir skrottyggjandi ölstofugestir hafi ætíð gefið sér tíma til þess að hitta endilega í bakkann þarna í horninu, þegar þeir sendu skvettu af möbrúnni skrosósu í áttina þangað, enda eru gólf og þiljur í kringum spýtubakkann „innsmyrt með spytt“ eins og Norðmennirnir orða það.

Þefurinn í ölstofunni er undarleg blanda af tuggðu skrotóbaki, stybbu af Carvet-Blad-reyktóbaki, stybbu og eim af deigum sjóklæðnaði, að viðbætti ilman af „súrsaftinni,“ en svo nefndist ódyrt tunnuraudvín, sem þá var mikið drukkíð. Það, sem menn tyggja, er mellemskro og löðrandi smalskro frá Agustínusi eða Óbel eða plötutóbak. eitursterkt og mikið notað.

Þarna er skrafað og rifizt og hlegið og sagt frá aflabrugðum og hafðar uppi getgátur um það, hvar sé von um enn meiri veiði. Menn segja hver öðrum frá heppni sinni eða óheppni í skiptum vð hina hvikulu síld, og hetjusögur eru látnar fjúka með, þegar liða tekur á kvöldið.

Menn gerast háværir, einn fer að berja hnefanum í borðið, og glösin dansa. Loftið í ölstofunni fyllist óhuganlegri spennu. „Fan í helvete,“ heyrir sagt — einhverjir eru orðnir ósáttir. „Takk sjæbne!“ er svarað, og í sömu andrá spretta tveir menn á fætur. Borð og stólar velta, glös brotna, og kjaftshögginn ganga á víxl þeirra í milli. Aðrir ölstofugestir rísa á fætur og reyna að miðla málum, og það skiptir engum togum: Í næstu andrá logar ölstofan í slagsmálum. Við og fleiri flýjum ölstofuna og þræðum okkur leið gegnum manngúann á Aðalgötunni. Viða er háreysti, óp og stimpingar óg smá hópar eiga í áflogum hér og þar á götunni eða inni í húsasundum beggja megin hennar. Á grasbalanum, er þá var á milli íbúðarhúsa þeirra Guðmundar Hallgrímssonar héraðslæknis og Sörens Goos verksmiðjueiganda, er mikill mannfjöldi saman kominn, eða réttara sagt: þarna eru ótal hópar Norðmanna, sem allir eru í æðisgengnum slagsmálum.

Við göngum suður grasbalann. Við sjáum, að hinn aldráði hreppstjóri, Hafliði Guðmundsson, er kominn inn í miðja þvöguna til þess að stilla til friðar. Ef hreppstjórinn getur ekki sefað áflogaseggina, þá er það á fárra færi. Þetta segja allir.

Við dveljumst þarna góða stund, og okkur ofbjóða ólætin. Kyrrð kemst á, þar sem hreppstjórinn hefur náð tali af mönnum, og Hafliði lyftir borðalögðu kaskeitinu, tekur upp hvítan vasaklút, þurrkar svitann af enninu og hann segir: „Það er stórt að, hvað Norðmennirnir geta slegizt.“

Hann á margt ógert í kvöld, þarf víða að tala við menn og stilla til friðar. Hann gengur ótrauður að næstu þvögu til þess að sefa hina órólegu landlegusjómenn.

En Hafliða er ætíð jafnvel við Norðmennina á hverju sem gengur, og norskir reiðarar sýndu hug sinn til hans, þegar þeir reistu honum fagran minnisvarða fyrir framan hús hans að honum látnum. Og nú yfirgefum við grasbalann og förum út á Aðalgötuna.

Við undrumst þann mannfjölda, sem gatan rúmar. Í öllum verzlunum um við þessa götu er blindöð og verlað allt kvöldið og fram á nótt. Lokunartími sölubúða um síldartím ann var í þá daga hér í firðinum, einhverni tíma eftir miðnætti. Flest ar verzlarnir voru krambúðir, og vöru birgðir yfirgengilega fjölbreyttar. Það má segja, að krambúðirnir hafi haft til sölu flest á milli himins og jarðar. Þar var ótrúlega margt vegið, mælt og talið, því að verzlun var verzlun, og þar varð allt að fást, sem með þurfti. Þar fór allt jöfnum hönd